



Greinargerð um stöðu verkefnisins:
Vinnslueftirlit með hitaveitum

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-89-01A

**GREINARGERÐ UM STÖÐU VERKEFNISINS:
Vinnslueftirlit með hitaveitum.**

Með þessari greinargerð vil ég gera stuttlega grein fyrir stöðu verkefnisins "Vinnslueftirlit með hitaveitum" um leið og ég læt af störfum sem verkefnisstjóri þess. Ég tók við verkefnisstjórn verkefnisins um síðustu áramót af Axel Björnssyni.

Unnið hefur verið að því á síðustu árum að binda í samninga við sem flestar hitaveitur eftirlit og umsjón Jarðhitadeildar með vinnslu á jarðhitasvæðum veitnanna. Á árunum 1987 og 1988 var gert mikið átak í því að kynna hitaveitunum nauðsyn þess að fylgjast með vinnslu úr jarðhitasvæðum sínum og í samvinnu við Samband íslenskra hitaveitna voru haldnir fundir í héraði með flestum hitaveitnanna á Norður og Austurlandi. Tilgangur þeirra funda var einkum að kynna sveitarstjórnarmönnum málefni veitnanna þar sem þeir sækja takmarkað fundi hitaveitumanna.

Um síðustu áramót þegar ég tók við umsjón þessa verks hafði verið samið við fimm hitaveitur á árunum 1988 og 1987 um eftirlit með vinnslu, en auk þess voru eldri samningar um slíkt í gildi við Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Suðurnesja. Þessar fimm veitur eru: Hitaveita Seltjarnarness, Hitaveita Egilsstaða og Fella, Hitaveita Þorlákshafnar, Hitaveita Siglufjarðar og Hitaveita Sauðárkróks. Auk þess hafði verið lagt fram uppkast að samningi við Hitaveitu Blönduóss á árinu 1988 og viðræður höfðu verið við margar aðrar veitur, en þær ekki komnar á það stig að gert hefði verið uppkast að samningi.

Munnlegt samkomulag hefur verið um eftirlit með efnainnihaldi jarðhitavatns á vinnslusvæðum margra hitaveitna um margra ára skeið. Þannig hefur verið farin reglulega á hverju hausti frá 1984 sýnatökufærð til að taka sýni af vatni fyrir hitaveitur á Norður-

landi. Mun lengur hefur verið fylgst með efnainnihaldi jarðhitavatns ýmissa hitaveitna þótt ekki hafi verið neindir langtímasamningar um slíkt. Þær veitur sem munnlegt samkomulag hefur verið við um eitthvert vinnslueftirlit s.l. 4-6 ár eru auk þeirra sem gert hafa nú skriflegan samning: Hitaveita Hvammstanga, Hitaveita Blönduóss, Hitaveita Hjaltadals, Hitaveita Varmahlíðar, Hitaveita Ólafsfjarðar, Hitaveita Dalvíkur, Hitaveita Hríseyjar, Hitaveita Svalbarðseyrar, Stórutjarnaskóli, Hafralækjarskóli, Hitaveita Húsavíkur, Hitaveita Reykjahlíðar. Við Hitaveitu Selfoss hefur lengi verið slíkt samkomulag en ekki s.l. 2-3 ár. Eftirlit með vinnslu annarra hitaveitna hefur verið óreglulegt eða ekkert.

Á þessu ári var í fyrsta sinn unnið samkvæmt fjórum þeirra nýju samninga, sem nefndir voru hér í upphafi, en annað árið sem unnið var samkvæmt samningi við Hitaveitu Seltjarnarness. Þrátt fyrir verkföll hefur tekist að framfylgja ákvæðum allra samninga nema eins (Hitaveitu Siglufjarðar) með lágmarkstöfum.

Einn nýr samningur var gerður í ársbyrjun við Hitaveitu Selfoss. Drög að samningi voru send til Hitaveitu Rangæinga og búast má við að hann verði undirritaður í nær óbreyttu formi, miðað við undirtektir. Rætt hefur verið við Hitaveitu Blönduóss vegna undirritunar samnings, en þar stendur á fjármögnun og samþykki ofan frá. Vegna mannaskipta hafa viðræður við Hitaveitu Ólafsfjarðar og Dalvíkur legið niðri. Rætt hefur verið við forsvarsmenn margra annarra veitna, en þær ekki enn komist það langt að gerð væru drög að samningi.

Í samvinnu við Samband íslenskra hitaveitna hafa verið skipulagðir kynningarfundir fyrir allar hitaveitur á Suðurlandi þar sem kynna

á m.a. nauðsyn á virku vinnslueftirliti. Send voru út bréf til veitnanna í mars, en vegna verkfalls BHMR var ekki unnt að halda fundina fyrir sumarleyfi, en æskilegt væri að þeir verði haldnir nú í haust.

Jarðhitadeild hefur verið að vinna að því að leysa útfellingavanda Hitaveitu Suðureyrar og mikið samband verið við veituna, en þar hefur varla verið tímabært fyrr en nú að gera drög að vinnslusamningi. Vegna sérstöðu sinnar er minni þörf á vinnslueftirlits-samningi við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar en víða annarsstaðar, en æskilegt væri þó að koma á einhverju eftirliti. Slíkt hefur ekki verið rætt við þá enn og heldur ekki við Hitaveitu Reykhóla enn sem komið er.

Reykjavík 12.9.1989

Hrefna Kristmannsdóttir